

Þingsályktun

um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.

Alþingi ályktar, sbr. 10. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á ályktun Alþingis um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022:

1. Í stað töflu um stefnumið í opinberum fjármálum fyrir árin 2018–2022 komi eftirfarandi tafla:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2018	2019	2020	2021	2022
Hið opinbera, A-hluti					
Heildarafkoma	1,4	-0,8	-0,8	-0,8	-0,5
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,2	0,0	0,0	0,0	0,3
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
óvissusvigrúm	-	-0,8	-0,8	-0,8	-0,8
Skuldir*	33,8	30,0	29,5	29,0	28,5
þar af ríkissjóður, A-hluti	27,5	23,4	23,1	22,7	22,4
þar af sveitarfélög, A-hluti	6,3	6,6	6,4	6,3	6,1
Opinberir aðilar í heild					
Heildarafkoma	2,9	0,0	0,2	0,4	1,0
þar af hið opinbera, A-hluti	1,4	-0,8	-0,8	-0,8	-0,5
þar af fyrirtæki hins opinbera	1,5	0,8	1,0	1,2	1,5
Skuldir*	59,8	54,0	51,5	50,0	48,5
þar af hið opinbera	33,8	30,0	29,5	29,0	28,5
þar af fyrirtæki hins opinbera	26,0	24,0	22,0	21,0	20,0

* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að fráðregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

2. Liðir I og II orðist svo:
 - I. Heildarjöfnuður A-hluta hins opinbera verði að lágmarki -0,8% af VLF árin 2019, 2020 og 2021 og -0,5% af VLF árið 2022, að meðtöldu óvissusvigrúmi sem nemur 0,8% af VLF, sbr. lið V.
 - II. Heildarskuldir hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í árslok 2020 og verði ekki hærri en 28,5% af VLF í árslok 2022.
3. Við bætist tveir nýir liðir, svohljóðandi:
 - IV. Árleg markmið um afkomu hins opinbera í töflu hér á undan eru lágmarksviðmið að viðbættu sérstöku svigrúmi, sbr. lið V. Reynist hagvöxtur verða talsvert meiri en endurskoðuð fjármálastefna miðast við, og tekjur hins opinbera aukast í sama mæli, er gert ráð fyrir því að heildarjöfnuður batni sem því nemur.
 - V. Tölusett markmið um afkomu hins opinbera í töflu hér á undan fela í varfærnissskyni í sér svigrúm sem getur numið allt að 0,8% af VLF árin 2019–2022 gagnvart þeim markmiðum um heildarafkomu hins opinbera sem sett verða í árlegum fjármálaáætlunum. Í því felst að markmiðum fjármálaáætlana verður ætlað að skila betri afkomu sem því nemur. Reynist hagþróun og efnahagsforsendur fyrir áætlanagerð lakari en nú er gert ráð fyrir er heimilt að ganga á þetta svigrúm til að aðlaga afkomu hins opinbera í sama mæli. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að stjórnvöld beiti viðeigandi ráðstöfunum, ef á þarf að halda, til að tryggja að afkoma í fjármálaáætlun og fjárlögum verði jafnan umfram svigrúmið sem markað er í fjármálastefnunni.
4. Lokamálsgrein orðist svo:

Alþingi staðfestir að fjármálastefna þessi sé samkvæm þeim grunngildum og skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laga um opinber fjármál, að teknu tilliti til 10. gr. laganna. Í samræmi við breytta afkomu er á árunum 2019–2021 vikið frá því skilyrði 1. tölul. 7. gr. laganna að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður, svo sem heimilt er skv. 1. mgr. 10. gr. laganna.

Samþykkt á Alþingi 20. júní 2019.